

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2012****2012/EES/34/16****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2011 frá 19. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/548/EB frá 30. júní 2009 um mát fyrir landsbundnar aðgerðaáætlanir um endurnýjanlega orku samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 41. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„42. **32009 D 0548**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/548/EB frá 30. júní 2009 um mát fyrir landsbundnar aðgerðaáætlanir um endurnýjanlega orku samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (Stjtið. ESB L 182, 15.7.2009, bls. 33).

Ákvörðunin á ekki að taka til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/548/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 49, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 56.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 182, 15.7.2009, bls. 33.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.